

Sb. 620. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]
um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að samningi um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara og samningi um að koma í veg fyrir ólögsmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að gerast fyrir Íslands hönd aðili að samningi um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, sem gerður var í Haag hinn 16. desember 1970, og samningi um að koma í veg fyrir ólögsmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal hinn 23. september 1971.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samningar þeir, sem hér um ræðir eru birtir sem fylgiskjal með frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940, sem liggur fyrir þessu 93. löggjafarþingi, shr. 202. mál, þingskjal nr. 386. Í athugasemdum með lagafrumvarpinu er gerð grein fyrir samningum þessum.